

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

5. tbl. 2. árg.

8. maí 2024



Dagur Emilsson brosmildur að störfum.

Endurbætur á félagsheimilinu Skildi

Allt frá sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar hefur staðið til að ráðast í endurbætur á félagsheimilinu Skildi í Helgafellssveit. En málefni Skjaldar og viðhaldspörf, með tilliti til forgangsroðunar á viðhaldsverkefnum húsnæðisins, var vísað á hendur dreifbýlisráðs í kjölfar sameiningar. Framkvæmdir vegna endurbóta eru nú hafnar á Skildi en þær endurbætur sem nú er unnið að snúa að vatnslögnum og salernisaðstöðu í húsinu. Teikningar af nýju skipulagi salerna á

Skildi voru lagðar fyrir á síðasta fundi Dreifbýlisráðs sem samþykkti þær og fagnaði uppbyggingu og endurbótum af hálfu sveitarfélagsins á félagsheimilinu. Ráðið telur að með endurbótunum skapist forsendur til að geta nýtt þau tækifæri sem húsið býður upp á og hægt sé að glæða húsið lífi á ný með fjölbreyttri menningar- og viðburðastarfi. Á myndinni hér til hliðar má sjá Dag Emilsson smið hjá Þ.B. Borg að störfum á Skildi. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði klárt til notkunar í júní.



Götusópurinn hefur verið íðinn við hreinsun gatna undanfarið bæjarbúum til mikillar ánægju.

Sumarblíða í Stykkishólmi

Veðrið hefur leikið við Hólmara og Helgfellinga undanfarna daga og ekki útlit fyrir að neinar breytingar verði á því á næstunni. Framundan er sól- og viðburðarríkt sumar í Stykkishólmi. Fjöldi viðburða er á dagskrá í Hólminum í sumar en þar á meðal má nefna tónleika með Mugison

í Gömlu kirkjunni 26. maí, Rokkhátíðin Sátan fer fram dagana 6.-8. júní, Skotthúfan verður haldin 29. júní, tónlistarhátíðin Heima í Hólmi er ný á nálinni og fer fram dagana 12.-13. júlí. Þá verður haldið upp á 30 ára afmæli Danskra daga 16.-17. ágúst svo fátt eitt sé nefnt.

Rekstur sveitarfélagsins styrkist milli ára samkvæmt ársreikningi 2023



Rekstur Sveitarfélagsins Stykkishólms styrkist milli ára samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2023 sem tekin var til fyrri umræðu á bæjarstjórnarfundum þann 24. apríl sl., en um var að ræða fyrsta ársreikning sveitarfélagsins frá stofnun þess á árinu 2022 sem nær yfir heilt ár eftir sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar. Endurspeglar ársreikningurinn að reksturinn sé að ná jafnvægi og er að styrkjast til muna frá fyrra ári. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 283 millj. kr. og rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var jákvæð um 179 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar A og B hluta á árinu 2023 námu 293 millj. kr. Lántökur á árinu námu 160 millj. kr. og

afborganir langtímalána voru 219 millj. kr. Skuldaviðmið A og B hluta Sveitarfélagsins Stykkishólmur í árslok 2023 var 104% og er langt undir lögbundnu hámarki sem er 150% samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Veltufé frá rekstri nam á árinu 2023 307 millj. kr. samanborið við 244 millj. kr. árið áður og ljóst að reksturinn stendur vel undir afborgunum skulda og skuldbindinga líkt og endurspeglast í ársreikningi. Handbært fé í árslok nam 98 millj. kr. og lækkaði um 37 millj. kr. á árinu.

Rekstrartekjur samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta námu 2.429 millj. kr. á árinu en þar af námu rekstrartekjur A hluta 2.196 millj. kr. Rekstrartekjur A og B hluta jukust um 7% milli ára. Rekstrargjöld jukust

um 6% milli ára og eru 8% hærri en áætlun með viðaukum hafði gert ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 40 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum hafði gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 63 millj. kr. Skýrist það frávik einna helst af tveimur frávikum frá áætlun, annars vegar í frávikum í kostnaði í fræðslumálum og hins vegar vegna viðbótarframlags í Brúar lífeyrissjóðs og endurreikningi á lífeyrisskuldbindingum, samtals um 100 millj. kr., en í október 2023 ákvarðaði stjórn Brúar lífeyrissjóðs að viðbótarframlag yrði innheimt hjá launagreiðendum frá og með janúar 2024 vegna tiltekins hóps lífeyrisþega sem væri með tryggð réttindi hjá sjóðnum. Við þessa ákvörðun

myndaðist skuldbinding sveitarfélagsins gagnvart þessum hópi lífeyrisþega hjá A deild Brúar lífeyrissjóðs. Nam skuldbindingin 46,9 millj. kr. og er hún gjaldfærð í rekstrarreikningi. Rekstrarjöfnuður A og B hluta síðastliðinna þriggja ára er neikvæður um 184 millj. kr. og gera fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins ráð fyrir því að rekstrarjöfnuður nái jafnvægi í árslok 2025. „Það er ánægjulegt að rekstur sveitarfélagsins er að styrkjast verulega milli ára og ná aftur ásættanlegu jafnvægi þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi og mikla verðbólgu sem litar niðurstöðu ársins. Ef ekki hefði verið fyrir óvænt frávik í rekstri tengt fræðslumálum og lífeyrisskuldbindingum væri sveitarfélagið að skila 60 millj. kr. hagnaði, sem er mjög

ásættanleg niðurstaða í núverandi rekstrarumhverfi. Það er ekki tilefni til annars en bjartsýni á framtíðina enda byggjum við á traustum stöðum með okkar öfluggu innviði og mikinn mannauð sem er, ásamt öfluggu atvinnulífi, undirstaða sterks samfélags. Þegar við horfum á stöðu sveitarfélagsins í dag verður óneitanlega að taka tillit til sögulegrar þróunar hjá sveitarfélaginu sem litast af þremur stórum samfélagsáhrifum, í fyrsta lagi skelhrunið fyrir 20 árum, í öðru lagi efnahagshrunið nokkrum árum síðar, sem kemur nánast í beinu framhaldi af skelhruninu hjá okkur í Stykkishólmi, og svo í þriðja lagi COVID-19, sem kom á tíma sem sveitarfélagið var loks að rétta úr kútnum aftur fjárhagslega, en áhrif þess faraldurs lagðist óneitanlega þyngra í okkar ferðabjónustusveitarfélag en mörg önnur. Þetta endurspeglast glögglega í rekstrarniðurstöðum sveitarfélagsins síðustu 20 ára, en þar hefur

sveitarfélagið einungis sex sinnum skilað hagnaði og voru fjögur af þeim skiptum á síðustu 10 árum. Við komum svo til með að bæta við nokkrum jákvæðum rekstrarniðurstöðum til viðbótar á næstu árum, þannig að þetta er allt á rétti leið. Mér finnst það einnig skipta máli að í stefnumörkun bæjarstjórnar á hverjum tíma í gegnum þessi áföll hefur almennt verið borin virðing fyrir stofnunum sveitarfélagsins og þeirri mikilvægu þjónustu sem þar er sinnt og reynt að komast hjá kollsteypum í rekstri með ófyrirséðum afleiðingum þegar áföll hafa dundið yfir og þannig fremur reynt á markvissan hátt að vinna sig út úr verkefninu með ábyrgum hætti og af yfirvegun með stjórnendum sveitarfélagsins. Þannig hefur verið stjórnað af skynsemi og af ábyrgð,“ segir Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi. Samkvæmt yfirliti sem var kynnt á bæjarstjórnarfundi má sjá að

lántökur síðustu fimm ára uppreiknaðar miðað við tekjur 2023 hafa verið í sögulegu lágmarki, ef COVID-19 árið 2020 er undanskilið, séu þær bornar saman við síðustu fjögur kjörtímabil (2006-2022). Þannig hafa skuldahlutföll og skuldaviðmið verið að lækka markvisst á tímabilinu. Í máli bæjarstjórnar við yfirferð ársreiknings á fundi bæjarstjórnar kom jafnframt fram að áherslur bæjarstjórnar á árinu 2023 og á yfirstandandi ári er að skapa áfram eftirsóknarvert umhverfi fyrir fólk og fyrirtæki, standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélagsins, sérstaklega um hag barna og fjölskyldna þeirra og eldra fólks, og sækja af ábyrgð fram með samfélagslega mikilvægum fjárfestingum innviða sem komi til með að skapa svigrúm til eflingar samfélagsins á svæðinu á sama tíma og stefnt er að því að tryggja að skuldaviðmið og skuldahlutföll séu að lækka markvisst á tímabilinu. „Þessar áherslur og

markmið bæjarstjórnar endurspeglast í fyrirliggjandi ársreikningi og samþykktum áætlunum, en það er alltaf áskorun frá degi til dags að tryggja að þessi markmið nái fram að ganga, en áfram þarf að leggja áherslu á ábyrga fjármálastjórnun þar sem gætt er aðhalds og ábyrgðar í rekstri sveitarfélagsins á sama tíma og þjónustan við íbúa verði eins og best verður á kosið. Bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins þurfa að vera og eru vakandi fyrir ákveðnum þáttum í rekstri sem endurspeglast í þessum ársreikningi. Það þarf áfram að huga að því og vinna markvisst að því að ná enn meira upp veltufé frá rekstri, sem þarf að standa undir afborgunum skulda og skuldbindinga líkt og endurspeglast í fyrirliggjandi ársreikningi, þannig að rekstur geti áfram staðið undir greiðslu skulda og nauðsynlegum fjárfestingum.“
- Sagði Jakob Björgvin S. Jakobsson, bæjarstjóri.

Verkalýðsdagurinn



Verkalýðsdagurinn var haldinn hátíðlegur 1. maí um land allt. Verkalýðsfélag Snæfellinga, Kjölur og Sameyki stóðu fyrir hátíðahöldum á Snæfellsnesi. Dagskráin í Hólminum fór fram á Fosshótel Stykkishólmi. Kynnir var Þóra Sonja Helgadóttir, verkefnastjóri Kjalar í

Stykkishólmi og ræðumaður var Saga Kjartansdóttir, verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits hjá AS. Salka Sól og Karl Olgeirsson sáu um tónlistaratriði en þegar þau höfðu lokið sér af tóku við nemendur Tónlistarskólans sem stóðu sig með miklu prýði. Fosshótel sá um veitingar.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi við Nónvík



Breyting á deiliskipulagi vegna Hjallatanga 48.

Á 23. fundi bæjarstjórnar samþykkti bæjarstjórn að grenndarkynna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi við Nónvík vegna breytinga á lóðinni við Hjallatanga 48 fyrir lóðarhöfum Hjallatanga 44 og 46, skv. skip-

ulagslögum. Bæjarstjórn Stykkishólms fól bæjarstjóra á 23. fundi sínum, í samræmi við afgreiðslu skipulagsnefndar og bæjarráðs, að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar hafi engar

athugasemdir borist við grenndarkynningu eða ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna. Tillagan var grenndarkynnt 18. mars til 16. apríl 2024. Engar athugasemdir bárust og telst því tillagan staðfest af hálfu bæjarstjórnar. Fyrirhugaðar breytingar felast m.a. í að vegna landhalla og jarðvegsdýptar á lóð er byggingarreit breytt lítillega og nú er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Aðkoma frá götu er inn á efri hæð byggingarinnar. Hæð undir aðkomuhæð hefur óniðurgraf-

inn vegg til suðurs. Deiliskipulagið öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 15. maí næstkomandi. Vakin er athygli á málskotsrétti skv. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011, en þar er kveðið svo á að þeir sem lögvarða hagsmuna eiga að gæta er heimilt að kæra stjórnvaldsákvarðanir. Kærufrestur er einn mánuður frá áætluðum birtingardegi í B-deild Stjórnartíðinda eða til og með 15. júní 2024. Gert er ráð fyrir að lóðin verði auglýst laus til úthlutunar á næstu dögum.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins



Miðvikudaginn 8. maí ætlar ungmennaráð sveitarfélagsins að halda bæjarstjórnarfund unga fólksins. Á fundinum mun ungmennaráð kynna mál fyrir bæjarfulltrúum. Ráðið

gaf íbúum kost á því að koma hugmyndum að málefnum á framfæri sem hægt væri að taka fyrir á fundinum. Fundurinn fer fram kl. 17 í fundarsal bæjarstjórnar.

Íslandsmeistaratitill í Stykkishólm



Strákarnir í 10. flokk drengja unnu á dögunum lið Laugdæla/Hrunamanna eftir háspennuleik þar sem aðeins eitt stig skildi liðin að. Með sigri-

num urðu þeir Íslandsmeistarar í 3. deild. Sveitarfélagið óskar drengjunum innilega til hamingju með árangurinn. Áfram Snæfell!